



Umhverfis stjórnunar kerfi

– ársskýrsla 2015

RITSTJÓRI

Ástríður Elín Jónsdóttir

RITHÓPUR

Hólmfríður Þorsteinsdóttir

Jóhanna Björk Weisshappel

Steinar Rafn Beck Baldursson

Svanhildur Sigurðardóttir





efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	2
STAÐFESTING ENDURSKOÐANDA	3
INNGANGUR	4
UMHVERFISSTEFNA OG MARKMIÐ	5
Umhverfisstefna	5
Markmið Umhverfisstofnunar í umhverfismálum	5
STOFNUNIN OG UMFANG KERFISINS	6
LÝSING Á STARFSSTÖÐVUM OG STARFSEMI	7
NIÐURSTÖÐUR GRÆNS BÓKHALDS 2013-2015	9
ORKU- OG AUÐLINDANOTKUN	10
AÐFÖNG –KEYPT VARA OG ÞJÓNUSTA	13
FERÐALÖG	19
ÚRGANGUR OG FLOKKUN	23
FRÆÐSLA	26
SAMANTEKT	27
ÁÆTLUN FYRIR 2016	28

staðfesting endurskoðanda

EFLA verkfræðistofa hefur endurskoðað grænt bókhald og umhverfisskýrslu Umhverfisstofnunar fyrir árið 2015 og staðfestir hér með að:

- Umhverfisstofnun vaktar þýðingarmikla umhverfisþætti í rekstri sínum og gefur umhverfisskýrslan yfirlit um þann árangur sem náðst hefur á árinu.
- Umhverfisskýrslan inniheldur þær upplýsingar sem hún á að innihalda samkvæmt 6., 7. og 8. gr. reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald.
- Birtar upplýsingar eru í samræmi við gögn úr fjárhagsbókhaldi Umhverfisstofnunar.

Reykjavík 28. apríl 2016



Friðrik Klingbeil Gunnarsson
Umhverfisverkfræðingur (Dipl.-Ing.)
EFLU verkfræðistofu

inngangur

Umhverfisstofnun hefur sett sér [umhverfisstefnu](#) og vill vera leiðandi í umhverfisstjórnun. Stofnunin leggur áherslu á að minnka notkun auðlinda og lágmarka úrgang vegna starfsemi sinnar. Stofnunin hefur tekið saman grænt bókhald og gefið út um það skýrslur árlega frá árinu 2009. Áherslur ársins 2015 voru að draga úr rafmagnsnotkun, minnka pappírnotkun þannig að hún verði undir miðgildi stofnana á [vinn.is](#) (12,94 kg), hefja innleiðingu verkefnis um plastpokalausastofnun, minnka matarsóun auk þess sem fræðsla til starfsmanna hefur ávallt sinn sess í umhverfisstarfinu.

Árið 2015 var sem fyrr, lögð mikil áhersla á fræðslu til starfsmanna. Umhverfisráð bauð upp á fræðslu annan hvern starfsmannafund um umhverfisstarfið en starfsfólk stofnunarinnar var einnig með fræðslu sem snýr að umhverfismálum er þeir vinna sjálfir að. Þar má meðal annars nefna "Ekki kaupa köttinn í sekknum" sem var fræðsla um hvaða efni ber að varast í vörum. Starfsfólk var hvatt til að taka þátt í verkefnum: "Hjólað í vinnuna" og farið yfir stöðu samgöngusaminga svo eitthvað sé nefnt.

Árið 2015 náði Umhverfisstofnum góðum árangri í flokkun úrgangs þar sem óflokkaður úrgangur er eingöngu 6,35% af heildarmagni úrgangs og hefur minnkað um 34% á milli ára. Pappírnotkun á hvert stöðugildi dróst saman um 51,94% eða úr 20,49 kg/stöðugildi árið 2014 niður í 9,85 kg/stöðugildi árið 2015. Einnig má sjá áhrif þessa í innkaupum prenthylkja þar sem eingöngu voru keypt fimm prenthylki árið 2015 og fjögur árið 2014, samanborið við 23 árið 2013. Mjög góður árangur náðist einnig á árinu í pappírnotkun þar sem hún dróst saman um 35,37% á milli ára og náðum við vel okkar markmið þar sem við eru með 9,85 kg/stöðugildi, en miðgildi stofnana er 12,94.

Starfsfólki stendur til boða að skrifa undir samgöngusamning sem felst í að hvetja fólk til að nýta sér vistvænan samgöngumáta til og frá vinnustað. Töluverð aukning var á fjölda samninga á milli ára þar sem um 75% starfsfólks nýttu sér samgöngusamning.

Í skýrslunni er grænt bókhald fyrir starfsemi Umhverfisstofnunar 2015 tekið saman og niðurstöður bornar saman við niðurstöður bókhaldsins frá árinu áður. Skýrslunni er skipt upp eftir hverjum umhverfisþætti og að lokum er fjallað um hvernig Umhverfisstofnun hyggst bregðast við niðurstöðunum á árinu 2016.

umhverfisstefna og markmið

Umhverfisstefna

Stefna Umhverfisstofnunar er að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum.

Markmiðið er halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi stofnunarinnar í lágmarki. Stofnunin mun leitast við að hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag með ákvarðanatöku sinni og þjónustu.

Umhverfisstofnun mun tryggja að lagalegum kröfum sem tengjast starfsemi hennar sé fylgt og vinnur að stöðugum umbótum á umhverfisstarfi stofnunarinnar. Sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi í allri starfsemi stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun mun vinna samkvæmt gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi sem uppfyllir kröfur ISO 9001 og ISO 14001.

Markmið Umhverfisstofnunar í umhverfismálum

- Umhverfisstofnun fylgir [Grænum skrefum í ríkisrekstri](#).
- Innkaup stofnunarinnar verði byggð á stefnu ríkisins um vistvæn innkaup. Umhverfismerktar vörur og þjónusta verða valin umfram aðrar.
- Neikvæð umhverfisáhrif vegna notkunar samgöngutækja á vegum Umhverfisstofnunar verði lágörkuð. Notkun á hráefnum, orku og vatni sömuleiðis. Árlega verður birt endurskoðað grænt bókhald á vef stofnunarinnar.
- Endurnýtanlegur úrgangur verði flokkaður og skilað til endurnýtingar.
- Spilliefnum verði skilað til viðurkenndra móttökuaðila.
- Fræðsla til starfsfólks um umhverfismál og innra umhverfisstarf verði aukin. Starfsfólk verði hvatt til þess að tileinka sér vistvænan lífsstíl.

stofnunin og umfang kerfisins

Umhverfisstofnun tók til starfa 1. janúar 2003 þegar þrjár stofnanir voru sameinaðar; Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins og Veiðistjóraembættið ásamt þremur ráðum. Stofnunin er með níu starfsstöðvar á landinu og nær umhverfisstjórnunarkerfið nú til þeirra allra. Vottun umhverfisstjórnunarkerfisins nær þó eingöngu til starfsstöðva Reykjavíkur og Akureyrar þar sem hvorki er talið svara kostnaði né umhverfisvænt að hafa þá yfirbyggingu sem vottun ber með sér fyrir starfsstöðvar sem eingöngu hafa einn starfsmann.

Aðalskrifstofur Umhverfisstofnunar eru á Suðurlandsbraut 24 í Reykjavík, skrifstofunnar á Borgum við Norðurslóð á Akureyri, skrifstofunnar á Tjarnarbraut 39 á Egilsstöðum, skrifstofunnar í Aðalstræti 7 á Ísafirði, skrifstofunnar á Hraunvegi 8 á Mývatni, skrifstofunnar í Aðalstræti 63 á Patreksfirði, skrifstofunnar í verslunar og skrifstofuhúsinu Miðjunni við Suðurlandsveg á Hellu, skrifstofunnar við Klettsbúð 7 á Hellissandi (og einnig Gestastofu á Hellnum) og skrifstofan Strandvegi 50 Vestmannaeyjum (og einnig Surtseyjarstofu). Allar eru þær hluti af umhverfisstjórnunarkerfinu.

Árið 2015 voru hjá Umhverfisstofnun alls 69 starfsmenn að störfum í 66,3 stöðugildi. Í Reykjavík voru 49,9 stöðugildi, 6 stöðugildi á Akureyri, tvö á Snæfellsnesi, tvö á Egilsstöðum, en eitt á Ísafirði, Mývatni, Patreksfirði, Hellu og í Vestmannaeyjum er eitt stöðugildi á hverjum stað.

Í stjórn Umhverfisstofnunar eru forstjóri og sviðsstjórar.

Lýsing á starfsstöðvum og starfsemi

Meginhlutverk Umhverfisstofnunar er að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.

Reykjavík Starfsstöð stofnunarinnar í Reykjavík er staðsett við eina af stærri umferðargötum borgarinnar í hverfi fyrir atvinnuhúsnæði. Byggingunni er deilt með öðrum fyrirtækjum en þar sem stofnunin nær yfir stóran hluta byggingarinnar er orkunotkun og sorp reikningsfært sér. Starfsemi Umhverfisstofnunar fer að mestu fram í Reykjavík. Þar eru starfandi svið sjálfbærni, svið þjónustu, svið samþættingar og hluti af sviði náttúru.

Akureyri Skrifstofa Umhverfisstofnunar á Akureyri er í stórri skrifstofubyggingu, Borgum, sem stendur á opnu svæði en Umhverfisstofnun nýtir eingöngu lítið rými í allri byggingunni. Sökum þessa er erfiðara að stýra umhverfisþáttum s.s. orkunotkun og sorpi þar en í Reykjavík en í byggingunni er allt sorp flokkað.

Meginverkefni starfsstöðvarinnar á Akureyri er veiðistjórnun, dýravernd og almenn lífríkismál. Starfsemi skrifstofunnar teygir anga sína einnig inn á svið þjónustu en sex starfsmenn eru á skrifstofunni á Akureyri.

Snæfellsnes Starfsstöð þjóðgarðsins Snæfellsjökuls er á tveimur stöðum. Skrifstofa þjóðgarðsins er á Hellissandi á neðri hæð húss sem fyrrum var pósthús. Á sömu hæð er símstöð en á efri hæðinni er íbúð sem hótél staðarins á. Gestastofa þjóðgarðsins er í fyrrum fjárhúsi á Hellnum sem gert var upp fyrir nokkrum árum. Í húsinu er einnig rekið kaffihús. Starfsmaður Umhverfisstofnunar er með vinnuaðstöðu á skrifstofu Snæfellsbæjar. Í því húsi en einnig Félags- og skólaþjónusta bæjarins. Úrgangur starfsstöðvanna er flokkaður samkvæmt kerfi sveitarfélagsins.

Tveir starfsmenn Umhverfisstofnunar í Snæfellsbæ hafa umsjón með þjóðgarðinum Snæfellsjökli ásamt friðlöndunum Búðahrauni og ströndinni við Arnarstapa og Hellna. Þeir annast einnig rekstur gestastofu þjóðgarðsins sem er á Hellnum. Starfsmaður stofnunarinnar vinnur að gerð verndaráætlana og annast verkefni tengdum umhverfisábyrgð.

Egilsstaðir Starfsstöð Umhverfisstofnunar á Egilsstöðum er staðsett í Vonarlandi. Húsin sem mynda Vonarland standa á grónum og skógi vöxnum ási yst í þéttbýlinu á Egilsstöðum, spölkorn frá annarri byggð. Umhverfisstofnun deilir skrifstofuhúsnæði með Náttúrustofu Austurlands, Heilbrigðiseftirliti Austurlands og Matvælastofnun. Í tengdum byggingum eru skrifstofur annarra

opinberra aðila. Starfstöðin á Egilsstöðum hefur umsjón með hreindýraveiðum að meginhlutverki. Önnur verkefni tengjast náttúruvernd, friðlýsingum og fleiru. Tveir starfsmenn eru á Egilsstöðum.

Hella Skrifstofa Umhverfisstofnunar á Hellu er í skrifstofu- og verslunarhúsnæðinu Miðjunni við Suðurlandsveg. Umhverfisstofnun hefur aðsetur á lítilli skrifstofu á 2. hæð hússins, en þar eru að auki skrifstofa sveitarfélagsins Rangárþings ytra og ýmis þjónusta. Kaffistofa er samnýtt með nokkrum þeirra. Líkt og á fleiri starfsstöðvum Umhverfisstofnunar á landsbyggðinni er erfiðara að stýra umhverfisþáttum, s.s. orkunotkun og sorpi, þar en í Reykjavík. Allur grófur úrgangur sem til fellur við landvörslu á svæðinu er flokkaður og fluttur í viðeigandi gáma.

Meginverkefni starfsstöðvarinnar á Hellu eru náttúruvernd og friðlýsingar, auk leyfisveitinga og umsagna. Starfsvettvangur svæðalandvarðar á Suðurlandi, sem er annar starfsmanna stofnunarinnar á Hellu, nær yfir stóran hluta Suðurlands, allt austur að Skeiðarársandi. Auk þessara verkefna hefur starfsmaðurinn umsjón með landvarðanámskeiði stofnunarinnar. Einn starfsmaður er á Hellu.

Ísafjörður Á Ísafirði er skrifstofan í húsnæði við aðalgötu bæjarins. Engin önnur starfsemi er í húsinu en íbúð er á efri hæð hússins. Starfsstöðinni fylgir 20 fermetra landvarðahús í friðlandinu og er það kynnt með gasi en rafmagn er framleitt með sólarcellum. Starfsemi í því húsi fer eingöngu fram á sumrin. Allur úrgangur sem til fellur í landvarðahúsinu er fluttur til förgunar á Ísafirði og úrgangur frá starfsemi stofnunarinnar er flokkaður samkvæmt kerfi sveitarfélagsins. Meginverkefni starfsstöðvarinnar á Ísafirði er umsjón með Hornstrandafriðlandinu. Einn starfsmaður er á Ísafirði.

Mývatnssveit Einn starfsmaður er í Mývatnssveit og deilir hann húsnæði með Vatnajökulsþjóðgarði og Mývatnsstofu ehf. Gestastofan er staðsett í gamla Kaupfélaginu við hlið verslunarinnar í sveitinni við þjóðveg 1. Sveitarfélagið býður ekki upp á sorpflokkun en starfsmenn fyrirtækjanna í húsinu hafa tekið sig saman og flokka rafhlöður, plast og pappa sem einhver tekur með sér þegar farið er til Akureyrar eða Húsavíkur.

Í Mývatnssveit snýst starfsemi stofnunarinnar að stærstu leyti um eftirlit og rekstur verndarsvæðis Mývatns og Laxár og rekstur Mývatnsstofu. Einn starfsmaður er á Mývatni.

Patreksfjörður Á Patreksfirði er starfsemin í hefðbundnu skrifstofuhúsnæði og stendur byggingin miðsvæðis við aðalgötu Patreksfjarðar á opnu svæði með útsýni yfir fjörðinn. Orkunotkun og úrgangur er reikningsfærð sameiginlega með bæjarskrifstofu Vesturbyggðar.

Meginverkefni starfsstöðvar Látrastofu á Patreksfirði er stjórnun og umsjón friðlýstra svæða á sunnanverðum Vestfjörðum. Einn starfsmaður er á Patreksfirði.

Vestmannaeyjar Í Vestmannaeyjum er starfsemin með skrifstofu í sama húsnæði og gestastofan. Um er að ræða rými á fyrstu hæð í byggingu við eina af aðalumferðargötum bæjarins. Á efri hæðum byggingarinnar er rekið gistiheimili. Umhverfisstofnun í Vestmannaeyjum hefur umsjón með Surtseyjarfriðlandinu og rekstri Surtseyjarstofu sem er gestastofa friðlandsins. Einn starfsmaður er í Vestmannaeyjum.

niðurstöður græns bókhalds 2013-2015

Umhverfisstofnun heldur grænt bókhald með það að meginsjónarmiði að fylgjast með umhverfisþáttum starfseminnar til að mæla umhverfislegan ávinning og einnig að varða veginn og gefa öðrum gott fordæmi á þessu sviði. Helstu umhverfisþættir starfseminnar eru orku- og auðlindanotkun, aðföng - keypt vara og þjónusta, ferðalög, úrgangur og fræðsla.

Hér koma upplýsingar um þá umhverfisþætti sem fylgst var með í grænu bókhaldi Umhverfisstofnunar 2013, 2014 og 2015. Umhverfisstofnun hefur unnið grænt bókhald frá árinu 2009 en árið 2013 var tekið upp staðlað form Vinn.is fyrir grænt bókhald sem framvegis verður unnið með. Einhver munur er á eldri útgáfu græna bókhaldsins sem áður var unnið með og skjali Vinn.is og gerir það samanburð milli ára í einhverjum tilfellum erfiðari.

orku- og auðlindanotkun

Markmið fyrir orku- og auðlindanotkun árið 2015 voru

Markmið ársins var að uppfylla og viðhalda Grænu skrefunum fimm og gera grænan leigusamning við leigusala. Meðal aðgerða grænna skrefa er að setja upp miða um að slökkva skuli ljós þar sem það á við, senda tölvupóst með upplýsingum um að slökkva á tölvum í lok dags, senda heilræði um frágang í fundarherbergjum eftir fundi þ.e. að slökkva á ljósum, loka gluggum og slökkva á skjávörpum.

Umfjöllun um niðurstöður

Niðurstöðurnar sem kynntar eru hér að neðan ná til Suðurlandsbrautar 24 í Reykjavík, þar sem um 80% af starfsmönnum eru staðsettir. Upplýsingar um orkunotkun fengust af heimasíðu Orkuveitu Reykjavíkur, undir Orkan mín. Þar er orkunotkun sundurliðuð eftir notkunarmælum. Innleiðing grænna skrefa hefur skilað sér í lægri raforkunotkun líkt og sjá má á samdrætti milli ára. Ekki er sama hægt að segja um notkun á heitu vatni þar sem snjóbræðslan er að skapa ákveðið ójafnvægi.

Kalt vatn


Notkun á köldu vatni fæst ekki aðgreind eftir hæðum húsnæðisins en engu að síður er gagnlegt að gera samanburð á milli ára yfir notkun á köldu vatni og kanna möguleika á aukinni nýtni eða hagræðingu. Dregið hefur líttilega úr notkun á köldu vatni á milli áranna 2014 og 2015 líkt og sjá má í töflu 1.

Tafla 1. Notkun á köldu vatni(m³) hjá Umhverfisstofnun, Suðurlandsbraut 24, árin 2013-2015.

	2013 (m ³)	2014 (m ³)	2015 (m ³)
Allar hæðir	2.412	2.385	2.358

Heitt vatn


Á mynd 1, má sjá samanburð á notkun á heitu vatni frá 2012-2015 en mælar fyrir heitt vatn eru á hverri hæð. Heildarnotkun á heitu vatni var 7.087 m³ árið 2014 en 9.115 m³ árið 2015 og jókst því um 2.028 m³. Aukningin er 36,9% þegar horft er á rúmmetra á hvert stöðugildi hjá stofnuninni (vegur þar mest notkun snjóbræðslukerfis sem er ekki á forræði Umhverfisstofnunar lengur heldur er innfalið í leigu). Ef horft er framhjá snjóbræðslunni þá hefur þá hefur notkunin á hvert stöðugildi dregist saman um 2,85% á milli áranna 2014 og 2015.



Mynd 1. Notkun á heitu vatni hjá Umhverfisstofnun Suðurlandsbraut 24.

Raforkunotkun

Líkt og sjá má á mynd 2 þá dróst raforkunotkun á Suðurlandsbraut 24 saman um 176 kWst á hvert stöðugildi eða 7,67% á milli árána 2014 og 2015.



Mynd 2. Raforkunotkun hjá Umhverfisstofnun Suðurlandsbraut 24.

Markmið fyrir árið 2016

Til að viðhalda og ná betri árangri á árinu hafa eftirfarandi markmið verið sett og farið verður í eftirfarandi aðgerðir:

Minnka heitavatsnotkun um 10% .

- Endurskoða með hvaða hætti hægt er að stýra betur snjóbræðslunni í samráði við leigusala.
- Athuga hvort möguleiki er á að setja vatnssparandi krana/ áfestingu á alla krana til að draga úr notkun
- Skrúfa fyrir ofna 1. maí til 1. september.

Draga úr notkun rafmagns um 10%.

- Fækka ljósum á göngum og athuga með orkusparandi perur
- Kanna verð á hreyfiskynjara í ljós á stigagangi, salerni og miða yfir alla slökkvara
- Athuga með hvort hægt sé að reikna út grunn orkupörf á Suðurlandsbraut 24 og setja markmið

aðföng –keypt vara og þjónusta

Markmið fyrir aðfangaflokkana árið 2015 voru

- Vinna markvisst að minni pappírnotkun með reglulegri upplýsingagjöf til notenda.
- Að pappírnotkun á hvert stöðugildi verði undir miðgildi þeirra stofnana sem skila Grænu bókhaldi eða 12,94 kg fyrir 2014 (tölur ekki komnar fyrir 2015).
- Athuga hvort hægt sé að taka prentara með hefðbundnum prenthylkjum úr notkun.
- Öll útgáfa stærri prentverka verði hjá Svansmerktum prentsmiðjum.
- Eingöngu verði notaðar umhverfismerktar hreinsivörur við þrif á starfsstöðvum stofnunarinnar.
- Öll salerni á starfstöð í Reykjavík verði með rafmagnshandþurrkur.

Umfjöllun um niðurstöður

Breytingar á prentlausn hjá stórum hluta Umhverfisstofnunar þar sem, ásamt upplýsingagjöf til starfsmanna um notkun, hafa skilað mjög góðum árangri í að draga úr notkun prentpappírs. Markmiðinu um að minnka pappírnotkun á milli ára var uppfyllt og var notkunin á hvern starfsmann vel undir miðgildi því sem stefnt var að. Pappírnotkun dróst saman um rúmlega helming frá árinu á undan.

Sex prentarar með hefðbundnum prenthylkjum eru nú í notkun hjá stofnuninni og var notkun þeirra töluvert minni en árið á undan. Ekki reyndist mögulegt að taka prentara með hefðbundnum prenthylkjum úr notkun en stefnt er að því á næstu árum.

Markmiðinu um að öll stærri pappírs prentverk væru prentuð hjá Svansvottuðum prentsmiðjum var náð.


Markmiðinu um að eingöngu væru notaðar umhverfismerktar hreinsivörur við þrif á starfsstöðvum stofnunarinnar var ekki að fullu náð.

Markmiðinu um að öll salerni á starfstöð í Reykjavík verði með rafmagnshandþurrkur var náð en því miður skilaði sú aðgerð ekki að fullu tilætluðum árangri sem er að draga úr notkun hreinslætispappírs, þó að handþurrkur séu ekki lengur keyptar. Þær falla undir flokkinn hreinlætispappír.

Pappírnotkun

Reykjavík og Akureyri: Seinni hluta ársins 2012 var innleidd fjölnotaprentlausn með kortalesara þannig að öll prentverk skrást nú á notanda jafnóðum, þar sem nota þarf starfsmannakort til að geta prentað, og því er ekki þörf á birgðatalningu um áramót eins og áður. Við samanburð árána 2014 og 2015

(mynd 3) kemur í ljós að þessar breytingar, ásamt upplýsingagjöf til starfsmanna um notkun, hafa fært stofnunina nær markmiði sínu að draga úr notkun prentpappírs. Pappírnotkun á hvert stöðugildi dróst saman um 51,94% eða úr 20,49 kg/stöðugildi árið 2014 niður í 9,85 kg/stöðugildi árið 2015. Markmiðinu var því náð um að pappírnotkun á hvert stöðugildi verði undir miðgildinu 12,94 kg/stöðugildi. Eingöngu er notaður umhverfisvottaður pappír.,




Mynd 3: Skrifstofupappír, kg/stöðugildi 2012-2015– Reykjavík og Akureyri.

Prenthylki

Allar starfsstöðvar: Innkaup á prenthylkjum er mjög sveiflukennd þar sem fáir prentarar með hefðbundnum prenthylkjum eru enn í notkun hjá stofnuninni. Um er að ræða 6 prentara, einn á hverri af eftirtöldum starfsstöðvum, Egilsstöðum, Hellu, Mývatni, Patreksfirði, Reykjavík og Snæfellsnesi. Notkun þessara prentara minnkaði á milli ára. Árið 2015 voru keypt fimm prenthylki eða 0,10 stk./stöðugildi sem er svipað og árið 2014. Árin 2014 og 2015 varð mikil minnkun á notkun hefðbundinna prenthylkja samanborið við árið 2013 þegar 23 prenthylki voru keypt eða 0,41 stk./stöðugildi. Ekki hefur tekist að finna vistvæn hefðbundnum prenthylki sbr. markmið fyrir árið 2015.

Prentverk á pappír

Allar starfsstöðvar: Árið 2015 voru átta stærri prentverk á pappír pöntuð hjá þremur Svansvottuðum prentsmiðjum og því var markmiðinu náð um að útgáfa stærri prentverka verði hjá slíkum prentsmiðjum. Hlutfall umhverfisvottaðrar prentþjónustu sem þjónusta var keypt af síðustu árin er sýnd á mynd 4.



Mynd 4: Hlutfall (%) umhverfissvottaðrar prentþjónustu hjá Umhverfisstofnun 2012-2015.

Skrifstofuvélar, tölvubúnaður og önnur tækjakaup


Allar starfsstöðvar: Innkaup á skrifstofuvélum (GSM símar og símbúnaður) og tölvubúnaði jókst á milli árána 2014 og 2015 eða úr 0,23 tækjum/stöðugildi árið 2014 í 0,93 /stöðugildi árið 2015. Ástæðan fyrir aukningunni er að töluverð endurnýjum átti sér stað á slíkum búnaði árið 2015 eftir sparnað vegna skertra fjárheimilda árin á undan. Árið 2015 var eingöngu keypt eitt mælitæki til að fylgjast með loftgæðum sem er mikil breyting frá árinu á undan þegar alls 35 mælitæki voru keypt vegna eldgossins í Holuhrauni. Árið 2015 voru keyptir fjórir sýningaskjái (0,08 stk./stöðugildi) sem eru færri en árið á undan þegar sjö sýningaskjái voru keyptir eða 0,13 stk./stöðugildi. Slík mælitæki og sýningartæki eru ekki keypt eins reglulega og önnur tæki og eru því ekki höfð með í samanburðinum hér fyrir ofan. Eins og áður er ávallt horft til umhverfismerkra vara við kaup tækjabúnaðar hjá stofnuninni en því miður er ekki mikið úrval af slíkum vörum á markaði og því eru framangreindur búnaður og tæki ekki umhverfismerktur.

Ræstiefni

Reykjavík: Nær öll hreinsiefni sem notuð voru við þrif á Suðurlandsbraut 24 árið 2015 (eldhús og 3., 4. og 5. hæð) voru umhverfismerkt (Svanurinn/Evrópublómið) eða 99,26%. Eina undantekningin var RV glersprey notað á 3. hæð eins og fyrri ár. Hlutfall umhverfismerkra hreinsivara árið 2014 var eilítið lægra, eða 98,69 %, en þá var meira magn keypt af umræddu glerspreyi. Ekki hefur því tekist að ná því markmiði að öll hreinsiefni sem notuð eru á Suðurlandsbraut 24 séu umhverfismerkt.

Árið 2013 voru í fyrsta sinn fengnar tölur yfir magn og gerðir hreinsiefna frá ISS sem er svansvottað fyrirtæki og sér um þrif á 4. og 5. hæð. Í eldhúsi eru allar hreinsivörur sem notaðar eru

umhverfismerktar en þrátt fyrir það inniheldur sápa í uppþvottavél ætandi efni (vítissóða). Staðfest hefur verið frá innflytjendum að ekki er mögulegt að fá slíka sápu án ætandi efnis.



Mynd 5: Magn ræstiefnis (l/stöðugildi) notuð á Suðurlandsbraut 24 árin 2012-2015.

Samanburður á magni hreinsivara á milli árána 2014 og 2015 sýnir að mun minna magn var notað af hreinsivörum á hvert stöðugildi á Suðurlandsbraut 24 árið 2015 en 2014 eða 2,69 kg/stöðugildi á móti 4,34 kg/stöðugildi (mynd 5). Þetta samsvarar 38,03% lækkun á milli ára.


Ákveðið hefur verið að gera ekki birgðatalningu á hreinsiefnum því ávinningur af henni er ekki talinn svara erfiðinu.

Aðrar starfsstöðvar: Á Akureyri eru eingöngu notuð umhverfismerkt hreinsiefni á vegum ISS og sömu gerðar og notuð eru við þrif á starfstöðinni í Reykjavík. Á starfsstöðvum á Ísafirði, Snæfellsjökulsþjóðgarði, Mývatni og Vestmannaeyjum eru sömuleiðis eingöngu notaðar umhverfismerktar hreinlætisvörur. Á Patreksfirði var hætt að kaupa hreinsiefni sem ekki eru umhverfismerkt árið 2015 og verið að klára gamlar birgðir. Á starfsstöðin á Egilsstöðum var ekki mögulegt að gera slíkar breytingar árið 2015 en ákveðið að árið 2016 verði eingöngu notuð slík hreinsiefni við þrif. Markmiðinu um að eingöngu séu notaðar umhverfismerktar hreinsivörur við þrif á starfsstöðvum stofnunarinnar er því ekki að fullu náð en þó langt komið. Þetta er einnig krafa við innleiðingu Grænna skrefa hjá stofnunum. Magn hreinsivara hefur ekki verið tekið saman á starfsstöðvum úti á landi.

Ræstipjónusta

Reykjavík og Akureyri: Svansvottaða fyrirtækið ISS sér um öll þrif á starfstöðinni á Akureyri og þrif á 4. og 5. hæð starfstöðvarinnar í Reykjavík eins og fyrri ár. Eins og sjá má á mynd 6 var hlutfall umhverfisvottaðrar ræstipjónustu á starfstöðinni í Reykjavík óbreytt á milli ára eða tæplega 73% af

heildinni árin 2014 og 2015. Óvottaðir aðilar (einstaklingar) sjá um þrif á 3. hæð og sameign sem og á öðrum starfsstöðvum.



Mynd 6: Hlutfall umhverfisvottaðrar ræstipjónustu á Suðurlandsbraut 24 árin 2012-2015.

Hreinlætis pappír

Reykjavík: Innkaup á hreinlætispappír minnkaði á milli árána 2014 og 2015 úr 6,38 kg/stöðugildi árið 2014 niður í 6,17 kg/stöðugildi árið 2015, sem telja má litla minnkun þar sem lokið var við að setja upp rafmagnshandþurrkur á öll salerni á starfsstöðinni. Svo virðist vera sem notkun handþurrka flytjist yfir á meiri salernispappírnotkun. Aðgerðum til að draga úr notkun hreinlætispappírs/handþurrka hafa því ekki að fullu borið tilætlaðan árangur. Allur salernispappír, handþurrkur og eldhúsrúllur sem keyptar eru fyrir starfsstöðina er umhverfismerktur.

Upplýsingar um magn salernispappírs og handþurrka hafa ekki verið teknar saman á starfsstöðvum úti á landi. Rafmagnshandþurrkur hafa ekki verið teknar í notkun á öðrum starfsstöðvum.

Markmið fyrir 2016.

Til að viðhalda og ná betri árangri á árinu hafa eftirfarandi markmið verið sett og farið verður í eftirfarandi aðgerðir:

Áfram verði unnið að því að minnka pappírnotkun og hún verði undir 6 kg á stöðugildi árið 2016

- Reglulegri upplýsingagjöf til notenda um prentun verður viðhaldið
- Öll útgáfa prentverka verði hjá Svansmerktum prentsmiðjum, bæði stórra og smærri prentverka. Þær prentsmiðjur sem enn eru notaðar við prentun smærri prentverka og eru ekki umhverfisvottaðar verði hvattar til þess að innleiða umhverfisvottun ella þurfi stofnunin að færa viðskipti sín annað.

Eingöngu verið notaðar umhverfismerktar hreinsivörur við þrif á starfsstöðvum stofnunarinnar og að keyptar verði hreinsiklútar fyrir spegla svo að ekki þurfi að nota glersprey.

ferðalög

Markmið stofnunarinnar fyrir ferðalög og samgöngur árið 2015 voru


- Leggja áfram áherslu á að nota bíl Umhverfisstofnunar eins og hægt er og/eða umhverfisvæna ferðamáta (fræðsla á starfsmannafundum).
- Athuga á hvort námskeið í vistakstri geti gagnast þeim starfsmönnum sem aka mest.
- Gerð verði samgöngukönnun meðal starfsmanna um ferðamáta til og frá vinnu. Þar verði einnig gerð athugun á notkun á metanbíl á Suðurlandsbraut.

Umfjöllun um niðurstöður

Markmiðin sem sett voru fyrir árið 2015 voru þau að hvetja ætti starfsmenn til að nota bíl stofnunarinnar og að hvetja til vistvænni ferðamáta. Mikil aukning varð á notkun samgöngusamninga, samningarnir voru kynntir á starfsmannafundum og sendir út tölvupóstar um það sem var í boði. Ekki var sérstök áhersla lögð á bifreiðina á Suðurlandsbrautinni. Í febrúar 2016 fengu starfsmenn allir fyrirlestur um vistakstur og tíu starfsmönnum sem aka mest var boðið að fara á einstaklings námskeið fyrir sumarið 2016. Ekki var framkvæmd samgöngukönnun meðal starfsmanna.

Akstur


Heildarfjöldi km sem starfsmenn stofnunarinnar ferðuðust árið 2014 jókst úr 257.915 km í 292.812 km milli ára og þar af leiðandi einnig heildarlosun CO₂ (t/stöðugildi) úr 0,53 í 0,61 tonn (mynd 7). Ástæða þessarar aukningar er að notkun bílaleigubíla jókst töluvert þetta árið sem skýrist af stóru auknu umfangi stofnunarinnar úti á landi vegna fjölgunar ferðamanna og aukinnar vinnu við vernduðu svæðin en á sama tíma minnkaði notkun eigin bíla stofnunarinnar.



Mynd 5: Heildarlosun CO₂ vegna aksturs á hvert stöðugildi

Umhverfisstofnun rekur að jafnaði fjóra bíla¹. Notkun bílanna minnkaði úr 107.842 km árið 2014 í 70.925 km árið 2015.

Notkun leigubíla hefur lækkað lítillega milli ára en ljóst er að halda þarf áfram að hvetja starfsfólk til að nota bíl stofnunarinnar en það eru aðallega starfsmenn í Reykjavík sem notast við leigubíla. Losun á CO₂ gasi á bílaleigu og leigubílum hefur verið miðuð við meðalútbástursgildi nýskráðra bíla (Orkusetur, janúar 2014) eða 143,5 g CO₂ á hvern ekinn km.² Leigubílastöðin gefur aðeins upp gögn um það hvort leigubíllinn sé visthæfur eða ekki og þess vegna eru teknir saman km fjöldi skilgreindra visthæfra bíla og margfaldað með 120 g af CO₂. Kílómetra fjöldi á bílum sem ekki teljast visthæfir eru því reiknaðir með meðalútbástursgildi nýskráðra bíla. Á árinu 2015 voru 2.845 km farnir með visthæfum leigubíl sem gerir 0,341 tonn af CO₂. 248 km voru farnir á annars konar leigubílum sem gerir 0,035 tonn af CO₂. Alls er útblástur vegna leigubílaferða því 0,377 tonn af CO₂. Árið 2015 voru því 92% leigubílaferða farnar með visthæfum bíl en árið 2014 voru það 89%. Þetta er góður árangur miðað við það að Umhverfisstofnun getur aðeins haft áhrif í formi þrýstings á fyrirtækið um að bjóða uppá fleiri visthæfa bíla. Líklegt er að verkefni eins og Græn skref í ríkisrekstri og aukinn áhugi á umhverfismálum verði til þess að meiri þrýstingur verður á fyrirtæki að bjóða uppá umhverfissvænni þjónustu.




Mynd 8. Kílómetrafjöldi farinn með leigubílum

Eknir km á bílaleigubílum hafa hækkað töluvert mikið í takt við auknar framkvæmdir úti á svæðunum og landvörslu vegna fjölgunar ferðamanna. Umhverfisstofnun hefur lagt áherslu á að leigja umhverfissvænni bíla fram yfir aðra svo lengi sem það er hægt. Í dag fást mun betri gögn frá bílaleigum

¹ Bíllinn í Reykjavík er VW Passat metanbíll með útblástursgildi 158 g CO₂ á hvern ekinn km. Losun á CO₂ gasi af Toyota Tacoma pallbíl Látrastofu er 231 g CO₂ á hvern ekinn km. Toyota Prius bíl Snæfellsjökulsþjóðgarðs losar 104 g CO₂ á hvern ekinn km. Toyota HiLux er notaður fyrir landvörslu á Suðurlandi og Miðhálandi og er losun þeirrar bifreiðar 193 g CO₂ á hvern ekinn km og Nissan Pathfinder fyrir Mývatn með 238 g CO₂ losun á hvern ekinn km. Meðalútbástursgildi bílanna er fengið á vef Orkusetursins.

² Almenna skilgreiningin fyrir visthæfi bíla er að útblástur þeirra eigi að vera undir 120 g af CO₂ á hvern ekinn km. Þessi tala er miðuð við skilgreiningar stýrihóps um vistvæn innkaup en Reykjavíkurborg hefur sett fram strangari kröfur eða 100 g CO₂ á hvern ekinn km.

um ferðirnar s.s. tegund bíls, útblástur og km fjölda og því verða útreikningar á CO₂ losun nákvæmari. Fjöldi km sem farnir voru á visthæfum bíl voru 21.154 km og 197.640 km á bílum með CO₂ gildi hærra en 120 gr. Árið 2014 voru aðeins 8% ferða á bílaleigubílum hjá Umhverfisstofnun á visthæfum bílum en árið 2015 voru þeir 11%. Meðaltalið var reiknað fyrir útblástursgildi bílanna sem gaf 134 gr. af CO₂ á hvern ekinn km, heildarútblastur vegna bílaleigubíla hækkaði úr 19,7 tonn af CO₂ í útblástur í 29,3 tonn af CO₂.




Mynd 9. Kílómetrafjöldi ekinn í bílaleigubílum

Flug

Samtals voru flognir rúmir 457 þúsund km þar af 400 þúsund í millilandaflugi og rúmlega 55,7 þúsund í innanlandsflugi en árið 2014 voru flognir 438 þúsund km. Gerir þetta 44,7 tonn af koltvísýringi miðað við 32,9 árið 2014. Kílómetrafjöldi á hvert stöðugildi var því 6.888 km samanborið við 6.562 árið 2014. Heildarlosun koltvísýrings var 0,67 tonn á hvert stöðugildi en 0,5 árið áður. Ástæða þessarar miklu aukningar í magni af CO₂ er sú að tekin var upp ný, áreiðanlegri reiknivél fyrir flugferðir auk aukninga flugferða.

Samgöngusamningur

Umhverfisstofnun býður starfsmönnum sínum að gera samgöngusamninga sem felast í því að nota vistvænni samgöngumáta til og frá vinnustað. Það starfsfólk sem notar að jafnaði; í strætó, gengur eða hjólar til vinnu á rétt á árlegum samgöngustyrk frá stofnuninni. Stofnunin greiðir árskort í strætisvagn eða andvirði þess gegn framvísun reiknings fyrir útlögðum kostnaði vegna göngu eða hjólræiða. Í lok árs 2015 höfðu verið gerðir samtals 50 samgöngusamningar. Heilsárssamningar voru 40; 8 strætósamningar, 30 hjólað/gengið til vinnu. Auk þeirra þá var árið 2015 einnig boðið uppá sumarsamninga (5 mánuðir) fyrir gangandi og hjólandi sem 12 starfsmenn nýttu sér. Í heildina nýttu því 75% starfsfólks Umhverfisstofnunar sér samgöngusamninga. Það er ljóst að þetta hefur mælst sérstaklega vel fyrir hjá starfsfólki og hjálpar líka að boðið er uppá sumarsamninga en ekki eru allir sem treysta sér til að ganga/hjóla á veturna líka. Þetta er mjög góður árangur sem mikilvægt er að viðhalda. Starfsmönnum stendur auk þess til boða að fá strætómiða til að fara á fundi á vinnutíma.



Mynd 10. Fjöldi samgöngusamninga við starfsfólk stofnunarinnar

Hjólreiðasamningur

Vorið 2011 var fyrsta árið sem Umhverfisstofnun bauð starfsmönnum upp á hjólreiðasamning sem lýtur að ferðum starfsmanna í þágu stofnunarinnar en ekki í og úr vinnu eins og samgöngusamningurinn. Markmið samningsins er að minnka losun mengandi efna vegna ferða starfsmanna og stuðla að umhverfisvænum ferðamáta þeirra. Starfsmenn skuldbinda sig til þess að ferðast almennt á reiðhjóli styttri vegalengdir í þágu stofnunarinnar svo sem á fundi eða önnur vinnutengd erindi. Samningurinn kveður á um að starfsmenn fari kringum 12 ferðir á ári og stofnunin borgar hverjum starfsmanni 3.000 kr. á mánuði. Hver starfsmaður þarf svo að halda hjóladagbók þar sem skráðar eru upplýsingar um hjólaferðirnar til að mæla árangur samningsins. Árið 2013 voru alls 13 starfsmenn með hjólreiðasamning sem er margföld hækking frá árinu áður þegar aðeins fjórir gerðu slíkan samning. Árið 2014 var aðeins einn svona samningur annar samningur í tvo mánuði. Árið 2015 jókst notkun þessara samninga aftur þegar 3 starfsmenn nýttu sér þá allt árið og tveir nýttu sér nýja samninga sem eru sumarsamningar og eru í gildi 5 mánuði á ári.

Markmið fyrir 2016

Til að viðhalda og ná betri árangri á árinu hafa eftirfarandi markmið verið sett og farið verður í eftirfarandi aðgerðir:

Unnið verði að því minnka notkun eldsneytis og enn frekari áhersla lögð á vistvænni samgöngumáta

- Framkvæmd verði samgöngukönnun meðal starfsmanna árið 2016 þar sem reynt verður að rýna í notkun á bílum og hjólum stofnunarinnar við Suðurlandsbraut.
- Aðeins 11% af fjölda km farna á bílaleigubílum voru skilgreindir sem visthæfir árið 2015. Vinna þarf að því að hækka þetta hlutfall með því að eiga samtalið við bílaleiguna sem og að starfsmenn stofnunarinnar séu meðvitaðir um að biðja um visthæfa bíla framyfir aðra.
- Unnið verði að því að kolefnisjafna starfsemi Umhverfisstofnunar með aðgerðum sem eru tiltækar s.s. samstarfi við Kolvið eða skógræktar- og landgræðslufélög.

úrgangur og flokkun

Markmið fyrir úrgangur og flokkun árið 2015 voru

- Unnið verði að plastpokalausri stofnun
- Viðhalda góðum árangri í úrgangsflokkun og að óflokkaður úrgangur verði áfram lægri en 10%.
- Minna starfsfólk á mikilvægi réttrar flokkunar.
- Gerð verði athugun á matarsóun í mótuneyti og lagðar fram tillögur að úrbótum.


Umfjöllun um niðurstöður

Á árinu 2015 var unnið að því að gera alla stofnunina plastpokalaus og um áramótin var því markmiði náð á Suðurlandsbrautinni og á starfsstöðvum úti á landi. Nokkrar undantekningar eru þó á þessu þar sem nauðsynlegt er að hafa sterka plastpoka sem á við t.d. við úrgangssöfnun í friðlandinu á Hornströndum og vegna vísindaferða í Surtsey. Þar verður þó stefnt að því að leita annarra lausna. Hlutfall óflokkað úrgangs var undir 10% eins og lagt var upp með og starfsfólk var minnt á rétta flokkun með tölvupóstum og unnið var í því að minnka matarsóun hjá stofnuninni.


Niðurstöðurnar sem kynntar eru hér að neðan ná til Suðurlandsbrautar 24 í Reykjavík, þar sem um 80% af starfsmönnum eru staðsettir.

Á níu minni starfsstöðvum sem stofnunin rekur víða um land er úrgangur yfirleitt flokkaður til endurvinnslu, en ekki liggja fyrir sundurliðuð gögn frá hverri og einni starfsstöð vegna þess að flokkunin er oft sameiginleg með öðrum aðilum sem þær deila húsnæði með. Auk þess eru starfmenn vel meðvitaðir um umhverfismál og lítið sorp fellur til frá þeim.

Heildarmagn úrgangs á árinu 2015 reyndist vera 4.564 kg sem er aukning um 276 kg frá árinu áður. Magn úrgangs á hvert stöðugildi hækkar því úr 81 kg í 91,5 kg sem er 12,9% aukning milli ára. Óflokkaður úrgangur minnkaði úr 439 kg í 290 kg en bæði lífrænn úrgangur jókst aðeins sem og flokkaður úrgangur. Það er ekki góð þróun að sorp aukist en er þó bót í máli að endurvinnsla eykst þeim mun meira á móti. Endurvinnanlegur úrgangur s.s. pappír, plast og málmar jókst úr 1.790 kg í 2.552 kg milli ára.



Mynd 11: Magn úrgangs á hvert stöðugildi á Suðurlandsbraut (kg).



Mynd 12: Skipting á úrgangsmagni árið 2015

Stærsti hluti úrgangs miðað við þyngd er lífrænn sem helgast af því að mötuneyti er á starfsstöðinni. Á árinu 2015 var því farið í að skoða leiðir til að minnka þann úrgang. Í ljós koma að töluvert miklum mat er hent hjá ISS sem starfsmenn ekki borða í mötuneytinu. Í verkefninu fólst að starfsmönnum var frá því í september 2015 gert að skrá sig fyrirfram í mat og er það gert á föstudeginum fyrir næstu viku á eftir. Matarskömmtum sem sendir eru til Umhverfisstofnunar hefur því fækkað umtalsvert því áður voru pantaðir 35 skammtar á hverjum degi en með skráningarkerfinu eru stundum sendir allt niður í 14 skammta á dag. Þessi sparnaður hefur þó ekki haft þau áhrif að minnka lífrænan úrgang úr matsalnum sem skoða þyrfti betur á næsta ári en lífræni úrgangurinn samanstendur af afgangum af diskum og hýði, pappír, tei og öðru sem telst lífrænt. Endurvinnsluúrgangur er næst stærsti flokkurinn

en í honum er allur pappír og kassar úr matsalum, plast og málmar. Í lok ársins breyttist fyrirkomulag flokkunar hjá Gámaþjónustunni á þann veg að allur pappír fer nú í sama flokk en var áður aðskildur í gæðapappír og svo annan pappír. Málmar og plast fara í sömu tunnuna en voru áður í tveimur tunnnum. Þetta er gert svo fyrirtækið geti fækkað ferðum til fyrirtækjanna en nú eru þeir komnir með tvíhólfa bíla. Varðandi pappírinn þá hefur notkun á gæðapappír minnkað svo mikið að ekki er lengur ávinningur af því að halda honum sér og fer því allur pappír saman í einn flokk. Árið 2015 var engin losun á spilliefnum en það eru t.d. rafhlöður, prenthylki, málingarvörur og önnur spilliefni. Þeim er safnað saman og síðan óskað eftir losun þegar þess þarf. Þá getur komið upp að engin losun eigi sér stað á því almanaksári sem er til skoðunar hverju sinni en hafi kannski átt sér stað tvisvar sinnum á árinu áður. Sett var það markmið að halda óflokkuðum úrgangi undir 10% en árið 2014 var hlutfallið 10,24% en fór svo niður í 6,35% árið 2015 sem er mjög góður árangur.

Markmið fyrir 2016

Til að viðhalda og ná betri árangri á árinu hafa eftirfarandi markmið verið sett og farið verður í eftirfarandi aðgerðir:

Unnið verði að því að minnka heildarúrgang stofnunarinnar

Halda óflokkuðum úrgangi undir 10%

- Gerð verði greining á því hvaða úrgangsflokkur er stærstur hjá stofnuninni og lagðar fram tillögur til að draga úr úrganginum
- Skoðað verði hvaða starfsstöðvar hafa enn ekki aðstöðu til að flokka sorp og þá athugað hvort hægt sé að hvetja/aðstoða sveitarfélög við að bæta úr því

fræðsla

Markmið fyrir fræðslu árið 2015

Markmið ársins 2015 í fræðslumálum var að halda áfram með fyrirkomulag fyrri ára umhverfisfræðsla frá umhverfisráði verði annan hvern starfsmannafund. Einnig voru græn heilræði send starfsfólki með tölvupósti.

Fræðsla til starfsmanna

Markmið ársins 2015 náðist þar sem haldinn voru erindi frá umhverfisráði annan hvorn starfsmannafund.

Umhverfisráð var með fimm erindi af þeim átta starfsmannafundum sem haldnir voru á árinu. Farið var yfir hvernig við drögum úr notkun pappírs, veitt var innsýn inn í verkefnið "Plastpokalaus stofnun", grænt bókhald og aðgerðaráætlun umhverfisráðs var kynnt og að lokum verkefnið Græn skref stofnanna.

Þar sem umhverfismál eru mál málanna hjá stofnunni þá eru þau oft rædd á starfsmannafundum. Meðal þeirrar fræðslu sem ber að nefna sem starfsfólk sjálfst stóð fyrir er, "Ekki kaupa köttinn í sekknum" sem var fræðsla um hvaða efni ber að varast í vörum. Starfsfólk var hvatt til að taka þátt í verkefninu: "Hjólað í vinnuna" og farið yfir stöðu samgöngusaminga svo eitthvað sé nefnt.

Markmið fyrir 2016

Til að viðhalda og ná betri árangri á árinu hafa eftirfarandi markmið verið sett og farið verður í eftirfarandi aðgerðir:

- **Lögð verði áhersla á aukna fræðslu og þátttöku starfsmanna í umhverfismálum.** Áfram verði lögð áhersla á fræðslu til starfsfólks um umhverfismál annan hvorn starfsmannafund, þá verður því fram haldið þetta ár.
- Einnig verður boðið upp á græn heilræði annan hvorn mánuð sem send verða starfsfólki með tölvupósti.
- Lokið verði við vinnu við að setja inn ábendingu um umhverfismál í tölvupóst starfsmanna

samantekt

Helstu niðurstöður

Góð reynsla er af því mikilvæga skrefi sem var tekið árið 2013 að flytja ábyrgð á færslu græns bókhalds nær uppruna ákvarðana um innkaup. Aukin meðvitund um áherslur við innkaup kemur skýrt fram í árangri umhverfisstarfs.

- Markmið ársins voru að auka fræðslu og vitundarvakningu meðal starfsmanna stofnunarinnar um mikilvægi þess að fara sparlega með rafmagn. Fjölmargar aðgerðir sem miða að því að draga úr rafmagns voru innleiddar og árangurinn lætur ekki á sér standa; 7,67% minni rafmagnsnotkun á milli ára.
- Notkun prentpappírs heldur áfram að minnka og dróst saman um 35,37%. Í ár var reyndar sú breyting að við getum ekki lengur borið minnkun prentpappírs við minnkun úrgangs, þar sem gæðapappír fer nú með öðrum pappír og er ekki flokkaður sér.
- Árangur fyrra árs tapaðist aftur í ár þar sem ekki er lengur hægt að segja að við séum að prenta öll stærri prentverk hjá Svansvottuðum prentsmiðju. Hlutfall er komið niður í 87,7% sem prentað er hjá umhverfismerktum prentþjónustum.
- Kaup á prenthylkjum haldast nánast óbreytt á milli ára, fjölgun um eitt hylki.
- Lítil breyting er á milli ára í umhverfismerktum hreinsiefnum, en þau voru 99,26% í ár.
- Notkun á hreinlætispappír dróst saman frá 6,38 kg 2014 og niður í 6,17 kg/stöðugildi árið 2015. Lokið var við að setja upp rafmagnshandþurrkur á öll salerni á starfsstöð stofnunarinnar í Reykjavík.
- Ávallt er horft til umhverfisvænni kosta við kaup á tækjabúnaði eins og tölva og farsíma og er hann keyptur ef mögulegt er. Erfitt hefur verið að finna umhverfismerktan tækjabúnað sem stenst einnig aðrar gæðakröfur þar sem breytingar í þessum iðnaði eru örar.
- Framkvæmd verði samgöngukönnun meðal starfsmanna árið 2016 þar sem ekki náðist að gera hana árið 2015 til að rýna í notkun á bíl og hjól stofnunarinnar við Suðurlandsbraut.
- Aðeins 11% af fjölda km farna á bílaleigubílum voru skilgreindir sem visthæfir árið 2015. Vinna þarf að því að hækka þetta hlutfall með því að eiga samtal við bílaleiguna sem og að starfsmenn stofnunarinnar séu meðvitaðir um að biðja um visthæfa bíla fram yfir aðra.
- Heildarmagn úrgangs jókst frá árinu áður eða um 12,62% kg.
- Markmið um að halda óflokkuðum úrgangi áfram undir 10% náðist þar sem óflokkaður úrgangur er eingöngu 6,35% af heildarmagni úrgangs, sem teljast má frábær árangur.

Áætlun fyrir 2016

Umhverfisstefna Umhverfisstofnunar er skýr og er megináherslan að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum. Árlega er farið yfir umhverfisstefnu og greiningu umhverfisþátta. Sú breyting var í ár að bætt var við því markmiði að stofnunin ætlar að fylgja Grænum skrefum í ríkisrekstri. Lengi má gott bæta: Stofnunin er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi en í aðgerðalista Grænna skrefa í ríkisrekstri var að finna hugmyndir að aðgerðum sem styrkir umhverfisstarfið enn betur. Græna bókhaldið endurspeglar vel hvar við erum að ná árangri en einnig hvaða þættir það eru sem við ættum skoða betur. Við yfirferð og niðurstöður græns bókhalds voru settar áherslur fyrir árið 2016 til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi stofnunarinnar.

Eftirfarandi áherslur hafa verið lagðar:

- Uppfylla og viðhalda Grænu skrefunum fimm og áfram unnið að því að allar starfsstöðvar Umhverfisstofnunar innleiði Græn skref á árinu 2016.
- Dregið verður áfram úr orkunotkun með því að fækka ljósum á göngum, setja upp birtuskynjara í ljós á stigagangi, setja miða yfir slökkvara á öllum hæðum, senda tölvupóst á starfmenn til að hvetja til orkusparnaðar, reikna út orkuþörf á Suðurlandsbraut 24 og setja markmið.
- Áfram verði lögð áhersla á að stýra innkaupum markvisst að umhverfisvottaðri vöru. Öll útgáfa prentverka verði hjá Svansmerktum prentsmiðju, ekki eingöngu stór prentverk eins og verið hefur.
- Framkvæmd verði samgöngukönnun meðal starfsmanna.
- Að hækka hlutfall visthæfra bílaleigubíla, sem var eingöngu 11% árið 2015.
- Unnið verði að því að kolefnisjafna starfsemi Umhverfisstofnunar með aðgerðum sem eru tiltækar s.s. samstarfi við Kolvið eða skógræktar- og landgræðslufélög.



- Draga enn frekar úr pappírsmagnun og ná henni undir 6kg á hvert stöðugildi.
- Eingöngu verið notaðar umhverfismerktar hreinsivörur við þrif hjá stofnuninni.
- Ljúka við innleiðingu verkefnisins að Umhverfisstofnun verði plastpokalaus stofnun
- Viðhalda góðum árangri í úrgangsflokkun og að óflokkaður úrgangur verði lægri en 10%
- Unnið verði að því að minnka heildarúrgang stofnunarinnar
- Áfram verði lögð áhersla á fræðslu til starfsfólks um umhverfismál og árangur umhverfisstjórnunarkerfisins. Þar sem það gafst vel síðastliðið ár að bjóða upp á fræðslu annan hvorn starfsmannafund, þá verður því fram haldið þetta ár.
- Að lokum verður boðið upp á græn heilræði annan hvern mánuð sem send verða starfólki með tölvupósti.
- Lokið verði við vinnu við að setja inn ábendingu um umhverfismál í tölvupóst starfsmanna